



Bekkjarnámskrá 6. bekkjar

Skólaárið 2016 – 2017

Umsjónarkennari
Svava Birna Stefánsdóttir

Efnisyfirlit

Íslenska	5
Hæfniviðmið	5
Lestur	5
Málfræði	5
Stafsetning	5
Bókmenntir og ljóð	5
Ritun.....	5
Inntak náms og kennslutilhögun	6
Námsefni	6
Námsmat.....	6
Stærðfræði	6
Hæfniviðmið	6
Námsefni	8
Inntak náms og kennslutilhögun	8
Námsmat.....	8
Enska.....	8
Hæfniviðmið	8
Hlustun.....	8
Lestur	8
Talað mál.....	8
Ritun.....	8
Námsefni	9
Inntak náms og kennslutilhögun	9
Námsmat.....	9
Samfélagsfræði	9
Saga	9
Hæfniviðmið	9
Inntak náms og kennslutilhögun.....	9
Námsefni.....	9
Námsmat.....	9
Landafræði	9
Hæfniviðmið	9
Inntak náms og kennslutilhögun.....	10

Námsefni.....	10
Námsmat.....	10
Kristinfræði.....	10
Hæfniviðmið	10
Inntak náms og kennslutilhögun.....	10
Námsefni.....	10
Námsmat.....	10
Lífsleikni.....	11
Hæfniviðmið	11
Viðfangsefni	11
Námsefni	12
Inntak náms og kennslutilhögun	12
Námsmat.....	12
Náttúrufræði	12
Hæfniviðmið	12
Lífvísindi	12
Eðlisvísindi	13
Inntak og kennslutilhögun.....	13
Námsefni	13
Námsmat.....	13
Tölvu- og upplýsingatækni	14
Hæfniviðmið.....	14
Námsefni	14
Inntak náms og kennslutilhögun	14
Námsmat.....	14
Textílmennt	14
Hæfniviðmið	14
Handverk, aðferðir og tækni.....	14
Sköpun, hönnun og útfærsla	15
Menning og umhverfi	15
Inntak náms og kennslutilhögun	15
Námsefni	15
Námsmat.....	15
Hönnun, smíði og nýsköpun	15

Hæfniviðmið	15
Handverk, aðferðir og tækni	15
Sköpun, hönnun og útfærsla	16
Menning og umhverfi	16
Inntak náms og kennslutilhögun	16
Námsefni	16
Námsmat	16
Heimilisfræði	16
Hæfniviðmið	16
Námsefni	17
Inntak náms og kennslutilhögun	17
Myndmennt	17
Hæfniviðmið	17
Handverk, aðferðir og tækni	17
Sköpun, hönnun og útfærsla	17
Menning og umhverfi	17
Inntak náms og kennslutilhögun	17
Námsefni	18
Námsmat	18
Skólaíþróttir	18
Hæfniviðmið	18
Líkamsvitund, leikni og afkastageta	18
Félagslegir þættir	18
Heilsa og efling þekkingar	18
Öryggis- og skipulagsreglur	18
Inntak náms og kennslutilhögun	18
Námsmat	18
Skólasund	19
Hæfniviðmið	19
Námsmat	19

Íslenska

Kennari: Sigríður Elva Konráðsdóttir/Svava Birna Stefánsdóttir

Hæfniviðmið

Nemandi:

Lestur

- nái góðum leshraða og geti lesið af öryggi og með viðunandi skilningi almenna texta
- geti gert útdrætti, munnlega og skriflega, úr því sem hann hefur lesið
- geti aflað sér upplýsinga úr rituðum heimildum, bókum, margmiðlunarefni og af netinu og unnið úr þeim
- velji sér bækur, af skólasafni eða annars staðar frá, til að lesa sér til ánægju
- taki þátt í umræðum um lesna texta
- geti lesið úr töflum og myndritum
- geti lesið margvísleg fyrirmæli og farið eftir þeim
- nýti sér þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta, svo sem upphafi, meginmáli og niðurlagi

Málfræði

- geti skilið málfræðilegar leiðbeiningar um málnotkun
- þekki orðflokkana nafnorð, sagnorð og lýsingarorð og helstu einkenni þeirra
- geti sambeygt algeng nafnorð og lýsingarorð í eintölu og fleirtölu
- læri að fallbeygja mannanöfn
- geri sér grein fyrir stigbreytingu og kynbeygingu lýsingarorða
- átti sig á muninum á nútíð og þátíð sagna og geti breytt tíð frásagna
- þekki mun samnafna og sérnafna og kyn orða og geti nýtt sér þá þekkingu við stafsetningu
- hafi gert sér nokkra grein fyrir setningaskipan og skiptingu texta í efnisgreinar
- hafi tamið sér að vanda mál sitt
- geti beitt tungumálinu rétt við ýmsar aðstæður
- hafi leikið sér með móðurmálið á margvíslegan hátt

Stafsetning

- geti skrifað réttan texta og öðlist færni í að beita stafsetningarreglum
- þroski með sér metnað til að stafsetja rétt

Bókmenntir og ljóð

- kynnist sem flestum ljóðformum og læri að lesa og skilja ljóð sér til gagns og ánægju
- þekki hugtökin rím, ljóðstafir og taktur
- fái tækifæri til að semja ljóð og texta á eigin spýtur
- fái innsýn inn í bókmenntir út frá hugtökum s.s. aðalpersóna, aukapersóna, sögumaður, upphaf, meginmál, niðurlag

Ritun

- skrifað læsilega og af öryggi
- samið texta þar sem beitt er eigin sköpun
- notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa
- beitt helstu atriðum stafsetningar og hefur náð valdi á þeim

- nýti sér þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta, svo sem upphafi, meginmáli og niðurlagi

Inntak náms og kennslutilhögun

Mikil áhersla er lögð á yndislestur sem leið til þess að efla orðaforða, tilfinningu fyrir tungumálinu og þjálfá nemendur í því að njóta ólíkra bókmennta.

Viðfangsefni verða fjölbreytt og verður leitast við að tengja þau sem mest við margvíslega texta og tengja þau mismunandi þáttum íslenskunnar svo kennslan verði sem heildstæðust. Kennsluaðferðin orð af orði skipar stóran sess í íslenskutímum en þar er unnið með margvíslega texta og orð á fjölbreyttan hátt.

Nemandi lesi markvisst í frjálislestrarbókum heima og í skólanum. Þeir afli sér upplýsinga úr bókum, af Internetinu, úr dagblöðum eða á annan hátt.

Nemendur skrifa upp rétt stafsettan texta, vinna eyðufyllingarverkefni og skrifa eftir upplestri. Ætlast er til að þeir tileinki sér reglur um ng og nk, stóran og lítinn staf, greini, tvöfaldan samhljóða, stafavíxl, y-reglur (hljóðvarp) og reglur um j.

Nemendur fá tækifæri til að vinna með bókmenntatexta á sem fjölbreytilegastan hátt. Unnið verður með uppbyggingu texta, leiklestur og framsögn, bæði í formi einstaklings- og hópvinnu. Nemendur skrifa stutta bókmenntaritgerð.

Unnið verður með mismunandi form ljóða og stuðlar og höfuðstafir kynntir. Nemendur læra nokkur ljóð utanbókar.

Leitast verður við að tengja grunnþætti Aðalnámskrár grunnskóla sem mest inn í viðfangsefni og sem dæmi um slíka nálgun má nefna:

- Læsi tengist allri vinnu nemenda með texta, orðalista og stök orð, sem og umræðum eða sögugerð út frá myndum, spilamennsku og fleiru.
- Sjálfbærni tengist umræðum um ýmis álitamál, þar sem nemendur taka til dæmis afstöðu með eða á móti eða velta fyrir sér kostum og göllum.
- Lýðræði og mannréttindi og jafnrétti tengjast samvinnu nemenda, sem og ýmsum textum og umræðuefnum sem unnið verður með.
- Heilbrigði og velferð tengist tjáningu nemenda, að hafa sjálfstraust til að lesa upp fyrir aðra, að geta tjáð sig á góðri íslensku og fleira.
- Sköpun tengist sögu- og ljóðagerð nemenda, sem og þegar þeir myndskreyta verk sín.

Námsefni

Frjálislestrarbækur, *Málrækt 2*, *Orðaspor*, *Hljóðskraf*, *Mál til komið*, *Átök á Ólympsfjalli*, *Trunt, trunt og tröllin*, *Gegnum holt og hæðir*, *Skólaljóð*, *Mokoka* og ýmis verkefni.

Námsmat

Hraðlestrar- og framsagnarpróf, bókmenntaritgerð, verkefni, kannanir, virkni og annarpróf.

Stærðfræði

Kennari: Svava Birna Stefánsdóttir

Hæfniviðmið

Nemandi

- skilji sætiskerfið
- geti ráðað tölum eftir stærð og staðsett þær á talnalínu
- geti lagt saman og dregið frá með negatífum tölum og tugabrotum, geti leyst dæmi í huganum og ráðið við að reikna með skriflegum aðferðum eins og hinum hefðbundnu reikningsaðferðum.
- skilji almenn brot sem hluta af heild
- geti lengt og stytt brot sem hluta af heild og af safni, sem hlutföll og sem tölur á talnalínu
- geti þróað með sér og notað aðferðir til að margfalda og deila, skilja hina hefðbundnu reikningsaðferð í margföldun og geta margfaldað saman heilar tölur og tugabrot
- geti leyst verkefni úr daglegu lífi til að finna allar mögulegar útkomur í tengslum við líkur
- geti táknað afgang í deilingu með almennu broti eða með tugabroti
- skilji hlutföll/hlutfallareikning í daglegu lífi t.d. í tengslum við gjaldeyri og kílóverð
- geti reiknað 10%, 25% og 50%, m.a. í tengslum við verkefni úr daglegu lífi af stærðum í eðlilegu samhengi
- geti áætlað svar við dæmi, námunnað og notað slumpreikning einnig með tugabrotum
- geti notað reikningsaðgerðirnar fjórar til að leysa verkefni úr daglegu lífi með því að velja réttar reikningsaðgerð, bæði með hefðbundnum skriflegum aðferðum, með hugareikningi og með vasareikni
- geti sett upp dæmi og útskýrt útreikninga og aðferðir og rökstutt lausnaleyðir
- geti teiknaði í fjarvidd út frá hvarfpunkti
- geti notað gráðuboga til að mæla horn
- geti notað hnit til að lýsa staðsetningu og hreyfingu í hnitakerfi, bæði á blaði og með stafrænum tækjum
- geti notað hnit til að reikna úr fjarlægðir sem eru samsíða ásunum í hnitakerfinu
- geti áætlað mál, valið viðeigandi mælingatæki og framkvæmt mælingar, sem tengjast daglegu lífi og tækni, og geta metið niðurstöður með hliðsjón af ónákvæmni mælinga og kröfum um nákvæmni
- geti valið veiðeigandi mælieiningu og breytt einni mælieiningu í aðra
- geti skilið á hverju flatarmál byggist, geta reiknað flatarmál rétthyrninga og þríhyrninga og finna þannig yfirborðsflatarmál strendinga
- geti skilið á hverju rúmmál byggist og reiknað rúmmál strendinga
- geti reiknað tíma, t.d. fundið tímann milli tveggja ártala og milli tveggja tímasetninga
- geti notað mælikvarða til að reikna út stærðir og til að stækka og minnka myndir
- geti metið líkur við mismunandi aðstæður, hvort miklar eða litlar líkur eru á að ákveðinn atburður verði, t.d. hvort hann komi fyrir í meira eða minna en helmingi tilvika
- geti reiknað út líkur út frá einföldum tilraunum, t.d. geta sagt til að líkurnar á að fá sexu með teningi séu einn sjötti
- geti notað reynslu sína og gert tilraunir til að segja til um með tölu hversu líklegt sé að ákveðinn atburður verði
- geti notað úrtak úr safni til að segja til um samsetningu þess, t.d. um fjölda kúlna í mismunandi litum í poka með því að skoða nokkrar kúlanna

Námsefni

Stika 1b nemendabók og æfingahefti, Stika 2a og 2b nemendabók og æfingahefti, Pals stærðfræði, stærðfræðispil, þrautir, námsforrit af veraldarvefnum og ýmis verkefni frá kennara.

Inntak náms og kennslutilhögun

Kennsluaðferðir verða fjölbreyttar, svo sem sýnikennsla, skrifleg og munnleg verkefni, verklegar æfingar, þrautalausnir, spil og leikir. Nemendur vinna eftir áætlun og skila reglulega heimavinnu.

Leitast verður við að tengja grunnþætti Aðalnámskrár grunnskóla sem mest inn í viðfangsefni og sem dæmi um slíka nálgun má nefna:

- Læsi tengist allri vinnu nemenda með texta, myndir, töflur og tákn.
- Lýðræði, mannréttindi og jafnrétti tengjast vinnu nemenda með þrautir, spil og samvinnu nemenda. Nemendur þurfa að geta unnið með öllum og taka tillit til þess að hæfni nemenda er misjöfn.
- Sjálfbærni tengist því að nemendur þurfa að sýna sjálfstæð vinnubrögð og hafa frumkvæði í hópum og paravinnu.
- Sköpun tengist þrautalausnum nemenda, mynsturgerð og rúmmálsverkefnum.

Námsmat

Kaflakannanir, próf, verkefni, heimavinna og virkni.

Enska

Kennari: Svava Birna Stefánsdóttir

Hæfniviðmið

Hlustun

- skilji það sem fram fer í kennslustofunni á ensku, bæði tal kennara og samnemenda.
- skilji efni af menningarlegum toga, s.s. söngva, ljóð, þulur og ævintýri.
- geti hlustað eftir aðalatriðum og nákvæmnisatriðum.
- þjálfist í að nota efni sem hlustað er á.
- þjálfist í að vinna markvisst með orðaforða.

Lestur

- skilji texta af margvíslegri gerð, s.s. sögur fyrir börn, myndasögur og einfaldar bækur.
- skilji texta um persónuleg málefni, áhugamál og daglegt líf.
- geti fylgt tiltölulega einföldum leiðbeiningum.

Talað mál

- sé fær um að taka þátt í samskiptum innan kennslustofunnar.
- geti sagt frá sjálfum sér, áhugamálum sínum og völdum atriðum úr umhverfinu.
- geti gefið einfaldar lýsingar, t.d. á fólki.

Ritun

- geti skrifað skipulega, skiljanlega og viðeigandi stutta einfalda texta eftir fyrirmyndum.
- geti skrifað einfaldan texta frá eigin brjósti.
- fái þjálfun í réttri stafsetningu algengra orða sem koma fyrir í námsefni.
- geti tengt saman ritað mál og myndrænar upplýsingar í framsetningu.

Námsefni

- *Build Up 1 og 2, Topic Books, Enska Málfræðiæfingar A, John's world* og annað efni frá kennara.

Inntak náms og kennslutilhögun

Leitast verður við að beita fjölbreyttum kennsluaðferðum, innlagnir kennara ásamt hlustunar- og samtalsæfingum eru stór hluti af kennslunni. Kennslan fer að hluta til fram á ensku svo að nemendur venjist því að nota tungumálið á sem eðlilegastan hátt og með viðeigandi málfari.

Hópavinna og einstaklingvinna eftir því sem við á.

Leitast verður við að tengja grunnþætti Aðalnámskrár grunnskóla sem mest inn í viðfangsefni og sem dæmi um slíka nálgun má nefna:

- Læsi tengist allri vinnu nemenda með texta, orðalista og stök orð, sem og umræðum eða sögugerð út frá myndum og fleiru.
- Sjálfbærni tengist því að nemendur þurfa að sýna sjálfstæð vinnubrögð og hafa frumkvæði í hóp og paravinnu.
- Lýðræði, mannréttindi og jafnrétti tengjast samvinnu nemenda, sem og ýmsum textum og umræðuefnum sem unnið verður með.
- Heilbrigði og velferð tengist tjáningu nemenda, að hafa sjálfstraust til að lesa upp fyrir aðra, að geta tjáð sig á góðri ensku og fleira.
- Sköpun tengist sögugerð nemenda, leiklist sem og þegar þeir myndskreyta verk sín.

Námsmat

Virkni, kaflakannanir, munnleg próf og verkefni.

Samfélagsfræði

Kennari: Ásta Hanna Gunnsteinsdóttir

Saga

Hæfniviðmið

Nemandi:

- geri sér nokkra mynd af Rómaveldi, umfangi þess, kennileitum og borgarlífi
- geri sér grein fyrir uppruna kristni í Rómaveldi

Inntak náms og kennslutilhögun

Umræður, samlestur, hópavinna, einstaklingsvinna og fræðslumyndir.

Námsefni

Frá Róm til Þingvalla, efni af netinu og frá kennara.

Námsmat

Virkni nemenda, kannanir og verkefni.

Landafræði

Hæfniviðmið

Nemandi:

- verði fær um að greina hvað er líkt og hvað ólíkt í heimabyggðinni og öðru byggðarlagi, s.s. með tilliti til landbúnaðar, veðurfars, bygginga og samgangna
- kynni sér auðlindir og atvinnulíf í heimabyggð sinni og landshluta og sé fær um að bera það saman við landið í heild
- ígrundi hvort eitthvað í umhverfi hans þurfi sérstakrar verndunar við
- kynnist íslenskum náttúruminum og náttúruvættum
- fjalli um ferðamannastaði á Íslandi, s.s. eftir hverju ferðalangar eru að sækjast þegar þeir fara um landið
- þekki hvernig landslag í nágrenninu hefur áhrif á lofthita og vindafar
- þekki hvernig byggð dreifist um landið og helstu ástæður þess
- kunni skil á þeim atvinnugreinum sem mynda undirstöðu íslensks atvinnulífs
- afli sér upplýsinga um íslenskar náttúruauðlindir og hvernig þær eru nýttar
- þjálfist í að lýsa helstu landfræðilegu einkennum hvers landshluta, s.s. landslagi, gróðurfari og veðurfari

Inntak náms og kennslutilhögun

Umræður, samlestur, hópavinna, einstaklingsvinna og fræðslumyndir.

Námsefni

Ísland – veröld til að njóta, Ísland – veröld til að njóta vinnubók, Kortabók handa grunnskólum, efni af netinu og myndbönd.

Námsmat

Virkni nemenda, kannanir og verkefni.

Kristinfræði

Hæfniviðmið

Nemandi:

- efli trúarlegan, siðferðislegan og félagslegan þroska með því að fræðast um kristna trú
- temji sér samskiptareglur sem byggja á kristilegum kærleika, sáttfýsi, umburðarlyndi og umhyggju fyrir öðrum mönnum
- þekki boðorðin 10 og öðlist skilning á boðskap þeirra
- þekki merkingu aðventutímans í kristnu helgihaldi
- kynnist helstu trúarbrögðum heimsins og mismunandi siðum sem tengjast þeim.

Inntak náms og kennslutilhögun

Unnið verður með efnið á fjölbreyttan hátt s.s. samlestur, umræður, einstaklingsvinna og hópvinna.

Námsefni

Valdir kaflar úr bókunum *Birtan* og *Trúarbrögðin okkar* auk verkefna frá kennara.

Námsmat

Virkni í tímum og verkefnavinna.

Grunnpættir menntunar eru hafðir að leiðarljósi þegar verkefnin eru skipulögð:

- *Læsi* fellst í því að sjá fyrir um framvindu verkefna og hvaða tækifæri eru í umhverfinu.
- *Sjálfbærni* kemur inn á nýtingu efnis sem aflað er í umhverfinu og endurnýtingu.
- *Lýðræði og mannréttindi* tengjast samvinnu og stuðningi nemenda hvert við annað.
- *Sköpun* er ríkur þáttur í allri verkefnavinnu, teikningum og útfærslu verkefna.
- *Heilbrigði og velferð* tengist sjálfstæði sem nemendur öðlast í verkefnagerð og ánægju með vel heppnaða afurð.

Lífsleikni

Kennari: Svava Birna Stefánsdóttir

Hæfniviðmið

Nemandi

- þjálfist í samvinnu og geti fylgt reglum, í leik eða starfi.
- öðlist færni í rökrænni hugsun og geti tjáð hugsanir, skoðanir, tilfinningar og væntingar
- geri sér grein fyrir jákvæðum og neikvæðum tilfinningum og hvernig tilfinningar hafa áhrif á hegðun og samskipti
- geti vegið og metið kosti og galla mismunandi möguleika, hugmynda og svara
- geri sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum
- læri leiðir til að efla samskiptafærni sína sem felur meðal annars í sér að
 - sýna sanngirni
 - sýna tillitsemi og kurteisi
 - leysa ágreining á farsælan hátt
 - bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum
 - setja sig í spor annarra
- veri fær um að setja sér raunhæf markmið að eigin frumkvæði
- geti sett hugtakið jafnrétti í margbreytilegt samhengi
- skilji að margbreytileiki í mannlífi er eðlilegur og jafnframt æskilegur
- geri sér grein fyrir mismunandi fjölskyldugerðum og stöðu einstaklinga innan þeirra
- geri sér grein fyrir að líkamleg og andleg vellíðan hvílir á heilbrigðum lífsvenjum, hreyfingu og hollum neysluvenjum
- hafi tileinkað sér helstu umferðarreglur og þekki helstu umferðarmerki

Viðfangsefni

- heilbrigður lífstíll: hreyfing, svefn, mataræði, hreinlæti
- að bera ábyrgð á eigin hegðun / ákvörðunum
- geðrækt
- einelti
- jafnrétti
- allskonar fjölskyldugerðir
- fordómar / minnihlutahópar / útlendingar, fatlaðir
- umferðafræðsla, hjálmnotkun
- tannvernd
- að standast neikvæðan þrýsting
- sjálfsmynd

Leitast verður við að tengja grunnþætti Aðalnámskrár grunnskóla sem mest inn í kennsluna og sem dæmi um slíka nálgun má nefna:

- Heilbrigði og velferð tengist tjáningu nemenda, að hafa sjálfstraust til að geta tjáð sig í hópaumræðu. Einnig tengist það ýmsum þáttum sem unnið verður með svo sem samskiptum, líðan og sjálfsmynd.
- Sjálfbærni tengist umræðum um ýmis álitamál, þar sem nemendur taka til dæmis afstöðu með eða á móti eða velta fyrir sér kostum og göllum.
- Lýðræði, mannréttindi og jafnrétti tengjast samvinnu nemenda.

Námsefni

Ýmis verkefni frá kennara.

Inntak náms og kennslutilhögun

Kennsluaðferðir verða fjölbreyttar, svo sem bekkjarfundir, orð af orði, umræður, leikir og verkefnavinna. Höfuðáhersla verður lögð á samskipti og líðan nemenda.

Námsmat

Virkni í umræðum og verkefnavinna.

Náttúrufræði

Kennari: Kristín Jónsdóttir

Hæfniviðmið

Stefnt er að því að nemendur:

- temji sér gott skipulag, öguð og vönduð vinnubrögð.
- geti unnið verkefni upp á eigin spýtur.
- geti unnið með öðrum.
- verði færir um að afla heimilda og geti miðlað þeim til annarra.
- sýni frumkvæði og seiglu.
- tileinki sér gagnrýna hugsun.
- tileinki sér vísindaleg vinnubrögð og aðferðir.
- læri að umgangast tæki og tól sem nýtt eru til einfaldra tilrauna.
- geti gert einfaldar tilraunir og túlkað niðurstöður
- tileinki sér hugtakið sjálfbærni og temji sér hugsun og vinnubrögð með sjálfbærni að leiðarljósi.

Lífvísindi

- geti skilgreint hugtakið vistkerfi og átti sig á að hægt er að líta á hafið sem eitt stórt vistkerfi en einnig er hægt að afmarka ákveðin svæði og skilgreina þau sem minni vistkerfi.
- átti sig á hvernig breytingar á einum þætti (ólífrænum sem lífrænum) í vistkerfi hafa áhrif á aðra þætti.
- átti sig á hvernig maðurinn getur haft áhrif á lífríki hafsins.
- kynnist mismunandi fjörugetum og lífríki þeirra.
- geri sér grein fyrir fjölbreytni lífvera hafins, helstu einkennum, lífsháttum og atferli.

- átti sig á skynsamlegri nýtingu hafsins.
- átti sig á að mengun hafsins er alþjóðlegt vandamál.

Eðlisvísindi

- kynnist einkennum ljóss og virkni linsa, spegla og segla.
- kynnist virkni helstu krafta sem eru í umhverfi okkar.
- kynnist virkni einfaldrá véla.
- geti gert einfaldrar mælingar s.s tíma- og hraðamælingar ásamt massamælingum.
- kynnist reikistjörnunum, fylgitunglum þeirra og stöðu þeirra í alheimi.
- kynnist helstu roföflum jarðar.
- kynnist helstu einkennum lofthjúpsins.
- kynnist uppbyggingu efna, mismunandi einkennum og hegðun.
- geti gert einfaldrar massamælingar.
- kynnist mismunandi formum orkunnar.

Inntak og kennslutilhögun

Við lestur námsefnis verða notaðar aðferðir eins og samlestur, gagnvirkur lestur og heimalestur.

Orð-af-orði kennsluhugmyndir/-aðferðir (KVL, hugtakagreininng, hugtakakort, Vennkort o.fl.) verða notaðar til að efla hugtakaskilning og orðaforða í greininni. Í verkefnavinnu nota nemendur ýmsar leiðir til lausna, s.s. leitarnám, þemavinnu, vattvangsathugthuganir, eintklingsvinnu sem og para- og hópavinnu. Nemendur vinna ýmis verkefni í vinnubók auk veggspjalda, bæklinga, ritgerða, glærusýninga og leikþátta allt eftir því hvað best hentar hverju viðfangsefni. Umræður miða að því að efla skoðanaskipti nemenda og tjáningu.

Leitast verður við að tengja grunnþætti Aðalnámskrár grunnskóla sem mest inn í viðfangsefni og sem dæmi um slíka nálgun má nefna:

- *Læsi* tengist allri vinnu nemenda með texta, orðaforða og hugtök.
- *Lýðræði og mannréttindi og jafnrétti* tengjast samvinnu nemenda, para- og hópavinnu. Nemendur þurfa að geta unnið með öllum og tekið tillit til þess að hæfni nemenda er misjöfn.
- *Sjálfbærni* tengist því að nemendur fá tækifæri til að takast á við ágreiningsefni og álitamál og beri sameiginlega ábyrgð á verkefnum sem unnin eru í samvinnu.
- *Heilbrigði og velferð* tengist félagslegri vellíðan og tjáningu nemenda. Í náttúrufræðikennslu verða nemendur þjálfaðir í tjáningu og unnið að því að styrkja sjálfstraust þeirra.
- *Sköpun* tengist verkefnavinnu af ýmsum toga. Nemendur vinna verkefni þar sem sköpunarhæfileikar þeirra fá að njóta sín.

Námsefni

- *Lífrikið í sjó*
- *Myndbönd sem tengjast hafinu og lífríki þess.*
- *Auðvitað* – valdir kaflar
- Annað efni frá kennara

Námsmat

Símat, leiðsagnarmat, jafningjamat og sjálfsmat. **Matsþættir:** Vinnubók, önnur verkefni, frágangur og vandvirkni, vinnusemi, þrautseigja, sjálfstæði í vinnubrögðum, samstarfsvilji og þátttaka í umræðum.

Tölvu- og upplýsingatækni

Kennari: Svava Birna Stefánsdóttir

Hæfniviðmið

Nemandi

- læri á Mentor og helstu kosti þess
- fái þjálfun í fingrasetningu á tölvu
- læri á Google Drive
- geti sótt efni af neti
- noti tölvu til að semja eigið efni
- kynnist kennsluforritum til nánari útfærslu á öðrum námsgreinum
- þekki helstu hluta tölvu og hafa tileinkað sér íslenskan orðaforða þar um
- veri óhræddur við að þreifa sig áfram og auka við eigin þekkingu á tölvutækni
- geti skeytt myndum inn í texta á tölvutæku formi
- kunni að nýta sér margmiðlunarefni sem inniheldur hljóð og hreyfimyndir
- noti skólasafnið reglulega
- læri að nota efnisyfirlit og skrár, s.s atriðisorðaskrá og nafnaskrá í fræðibókum
- geti leitað heimilda í bókum, af margmiðlunardiskum, gagnagrunnum og neti og unnið úr þeim á skipulegan hátt

Námsefni

Word ritvinnsluforrit, PowerPoint-forrit, Excel töflureiknir og ýmis kennsluforrit auk efnis frá kennara.

Inntak náms og kennslutilhögun

Nemendur vinna ýmis verkefni á fartölvur og ipad spjaldtölvu.

Námsmat

Byggir á virkni og áhuga nemenda í tímum og einstaka verkefnum.

Textílmennt

Kennari: Heiðbjört Antonsdóttir

Vikustundir: 80 mín. aðra hverja viku.

Hæfniviðmið

Stefnt er að því að nemendur geti:

Handverk, aðferðir og tækni

- unnið úr nokkrum gerðum textílefna og þjálfast í að sauma í saumavél
- saumað t.d. náttbuxur
- saumað krosssaum eða annan útsaum
- þjálfast í að sníða úr textílefni og mæla fyrir saumförum
- lært að spóla og þræða tvinna á saumavél
- þjálfast í notkun saumavélar
- lært að hekla loftlykkjur, fastahekl og stuðlahekl

Sköpun, hönnun og útfærsla

- sýnt fram á skipulögð og vönduð vinnubrögð
- þekkt ýmis hugtök sem tengjast hekli
- tekist á við verkefni sem vekja áhuga og vinnugleði og koma til móts við langanir og smekk nemandans
- gert skissur af hugmynd sinni og þjálfast í að tjá sig um hugsanlega útfærslu í textílvinnu
- unnið munstur þar sem formum er raðað saman og yfirfært þar áunna þekkingu frá öðrum greinum, t.d. stærðfræði

Menning og umhverfi

- gert sér grein fyrir mikilvægi vandaðra vinnubragða og góðrar nýtingu á efnum
- upplifað sköpunargleði við útfærslu eigin hugmynda
- notað handbækur greinarinnar og hugtök og heiti textílgreinarinnar
- eftir þekkingu sína á verkmennt sem stuðlar að hagkvæmum vinnubrögðum og færni til að verða sjálfbjarga í verki

Inntak náms og kennslutilhögun

Megin tilgangur list- og verkgreina er að allir nemendur kynnist fjölbreyttum vinnuaðferðum þar sem reynir á verkfærni, sköpunarkraft, samhæfingu hugar og handar og ólíkra tjáningarleiða. Nemendur sauma út og hekla verkefni eftir vali. Nemendur sauma einfalda flík og fá þjálfunarverkefni tengd saumavélinni. Nemendur vinna verkefni þar sem reynir á þekkingu á hugtökum sem tengjast textílmennt og færni þeirra til að nýta sér þau.

Grunnþættir menntunar eru hafðir að leiðarljósi þegar verkefnin eru skipulögð:

- *Læsi* fellst í því að sjá fyrir um framvindu verkefna og hvaða tækifæri eru í umhverfinu.
- *Sjálfbærni* kemur inn á nýtingu efnis sem aflað er í umhverfinu og endurnýtingu.
- *Lýðræði og mannréttindi* tengjast samvinnu og stuðningi nemenda hvert við annað.
- *Sköpun* er ríkur þáttur í allri verkefnavinnu, teikningum og útfærslu verkefna.
- *Heilbrigði og velferð* tengist sjálfstæði sem nemendur öðlast í verkefnagerð og ánægju með vel heppnaða afurð.

Námsefni

Nemendur læra að fitja upp og þróa verkefni að eigin vali. Hekla og sauma í saumavél eftir því sem tími vinnst til. Unnið verður með ýmsar tegundir af efnum og garni. Tróð, fílt, ull og leður. Verkefni frá kennara og bækurnar *Hannyrðir í 3. – 6. bekk*, *Á þrjónunum*.og *Saumahandbókin*.

Námsmat

Símat, byggir á vandvirkni, áhuga og virkni í tímum.

Hönnun, smíði og nýsköpun

Kennari: Baldur Hallgrímsson

Vikustundir: 80 mín. aðra hverja viku í hönnun og smíði.

Vikustundir: 40 mín. á viku í nýsköpun.

Hæfniviðmið

Stefnt er að því að nemendur geti:

Handverk, aðferðir og tækni

- notað aðferðir greinarinnar og geti beitt viðeigandi áhöldum
- valið og notað nokkur verkfæri og mælitæki á öruggan hátt
- gert grein fyrir nokkrum smíðaefnum sem unnið er með

- fái innsýn í hönnun tækja og hluta
- auki skilning sinn á virkni tækja og hluta
- að þau þjálfist í fríhendis teikningu

Sköpun, hönnun og útfærsla

- unnið eftir einföldum, skriflegum vinnuleiðbeiningum
- tjáð hugmyndir sínar með einfaldri skissu
- unnið eftir leiðbeiningum frá kennara og tileinkað sér nokkur hugtök greinarinnar
- gert grein fyrir hugtakinu tækni og hvernig það tengist vinnu hans
- tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt
- framkvæmt samsetningar og yfirborðmeðferð sem hæfa verkefnum
- lesið einfalda teikningu og smíðað eftir henni
- greint þarfir í umhverfi sínu og rætt mögulegar lausnir
- hannað og smíðað verkefni sem nýtir eifaldan orkugjafa
- úskýrt réttar vinnustellingar og valið viðeigandi hlífðarbúnað
- hafi tekist á við að smíða hlut sem uppfyllir þörf eða leysir vanda
- hafi smíðað hlut sem reynir á styrkleika og jafnvægi

Menning og umhverfi

- gert sér grein fyrir mikilvægi vandaðra vinnubragða og góðrar nýtingu á efnum
- upplifað sköpunargleði við útfærslu eigin hugmynda
- notað handbækur greinarinnar og hugtök og heiti greinarinnar
- eftt þekkingu sína á verkmennt sem stuðlar að hagkvæmum vinnubrögðum og færni til að verða sjálfbjarga í verki

Inntak náms og kennslutilhögun

Megin tilgangur list- og verkgreina er að allir nemendur kynnist fjölbreyttum vinnuaðferðum þar sem reynir á verkfærni, sköpunarkraft, samhæfingu hugar og handar og ólíkra tjáningarleiða. Hafa möppur til að halda utan um verkefni og teikningar. Grunnþættir menntunar eru hafðir að leiðarljósi þegar verkefnin eru skipulögð:

- *Læsi* fellst í því að sjá fyrir um framvindu verkefna og hvaða tækifæri eru í umhverfinu.
- *Sjálfbærni* kemur inn á nýtingu efnis sem aflað er í umhverfinu og endurnýtingu.
- *Lýðræði og mannréttindi* tengjast samvinnu og stuðningi nemenda hvert við annað.
- *Sköpun* er ríkur þáttur í allri verkefnavinnu, teikningum og útfærslu verkefna.
- *Heilbrigði og velferð* tengist sjálfstæði sem nemendur öðlast í verkefnagerð og ánægju með vel heppnaða afurð.

Námsefni

Hönnun og smíði 5-7. bekk. Verkefni frá kennara. *Nýsköpun og náttúruvísindi, Framkvæði og sköpun, Nýsköpun og tækni.*

Teikniblokkinn *Nýsköpun* eftir Braga Einarsson uppfinningamann.

Námsmat

Símat, byggir á vandvirkni, áhuga og virkni í tímum. Nemendum gefin einkunn í lok annar.

Heimilisfræði

Kennari: Berglind Wíium Árnadóttir

Hæfniviðmið

Nemandi

- nái tókum á algengum heimilisstörfum og hafi ánægju af
- fái þjálfun í notkun og meðferð algengra eldhúsáhalda og –tækja

- geri sér grein fyrir mikilvægi hreinlætis við matargerð
- þjálfist í að stækka og minnka uppskriftir
- noti mismunandi bakstursaðferðir og geti búið til einfaldar máltíðir eftir leiðbeiningum úr grænmeti, fiski, kjöti og eggjum
- geri sér grein fyrir mikilvægi fjölbreyttrar fæðu og góðra matarvenja
- auki þekkingu sína á fæðuhringnum og læri undirstöðuatriði í næringarfræði
- þjálfist í notkun næringarefnatöflu og geti fundið orkurík og orkusnauð matvæli

Námsefni

Gott og gagnlegt 2. Uppskriftir úr ýmsum áttum og verkefni frá kennara.

Inntak náms og kennslutilhögun

Verklegr þjálfun í eldamennsku, bakstri og fleiru sem við kemur daglegu heimilishaldi.

Myndmennt

Kennari: Ásta Hanna Gunnsteinsdóttir

Hæfniviðmið

Nemandi:

Handverk, aðferðir og tækni

- efli skapandi hugsun og sjálfstæð vinnubrögð
- náí færni í vinnu með ólík efni
- útfæri mynstur og fléttur
- þekki hugtakið sjónarhorn og geri kannanir og verkefni út frá því
- vinni með stærðir og hlutföll

Sköpun, hönnun og útfærsla

- noti módel og snið sem hluta af vinnuferli
- kunni skissugerð og öðlist skilning á mikilvægi hennar sem eðlilegs hluta af vinnuferli
- æfi skrautskrift

Menning og umhverfi

- geti lagt rökstutt mat á hönnun í umhverfi sínu
- viti að sólarljós og veðurfar hefur áhrif á liti umhverfisins
- geti beitt litum til að fá fram áhrif í mynd
- geti lýst munnlega skoðun sinni á mynd
- geri sér grein fyrir verðmæti og eiginleikum efna sem unnið er með hverju sinni
- blandi saman ólíkum efnum og noti margvíslega tækni í sömu mynd, svokallaða blandaða tækni
- þekki mun á handverki og fjöldaframleiðslu

Inntak náms og kennslutilhögun

Megin tilgangur list- og verkgreina er að allir nemendur kynnist fjölbreyttum vinnuaðferðum þar sem reynir á verkfærni, sköpunarkraft, samhæfingu hugar og handar og ólíkra tjáningarleiða. Grunnþættir menntunar eru hafðir að leiðarljósi þegar verkefnin eru skipulögð:

- *Læsi* fellst í því að sjá fyrir um framvindu verkefna og hvaða tækifæri eru í umhverfinu.
- *Sjálfbærni* kemur inn á nýtingu efnis sem aflað er í umhverfinu og endurnýtingu.
- *Lýðræði* og mannréttindi tengjast samvinnu og stuðningi nemenda hvert við annað.
- *Sköpun* er ríkur þáttur í allri verkefnavinnu, teikningum og útfærslu verkefna.

- *Heilbrigði og velferð* tengist sjálfstæði sem nemendur öðlast í verkefnagerð og ánægju með vel heppnaða afurð.

Námsefni

Unnið verður með fjölbreytileg efni og verkfæri.

Námsmat

Vinna nemenda verður metin einstaklingslega eftir áhuga, hegðun og virkni.

Skólaíþróttir

Kennari: Bjartur Aðalbjörnsson

Hæfniviðmið

Líkamsvitund, leikni og afkastageta

- gert æfingar sem reyna á loftháð þol
- gert æfingar sem reyna á styrk og stöðugleika útlíma og bols
- gert flóknar samsettar æfingar sem reyna á liðurð og samhæfingu
- sýnt leikni í nokkrum mismunandi íþróttagreinum
- tekið þátt í stöðluðum prófum til að meta þrek og hreysti, lipurð og samhæfingu

Félagslegir þættir

- sýnt virðingu og góða framkomu hvort sem leikur vinnst eða tapast. Jafnframt viðhaft jákvæð og árangursrík samskipti til að efla liðsanda
- skýrt mikilvæti þess að hafa leikreglur, farið eftir þeim bæði í hóp- og einstaklingsíþrótt

Heilsa og efling þekkingar

- gert sér grein fyrir gildi heilbrigðs lífnis fyrir starfsemi líkamans og mikilvægi hreinlætis í tengslum við íþróttir og sundiðkun
- útskýrt misjafnan líkamlegan þroska einstaklinga og kynja
- notað hugtök sem tengjast sundiðkun og íþróttum
- tengt hlutverk taugakerfis, hjarta, blóðrásar og lungna við líkamlega áreynslu
- notað mælingar með mismunandi mælinákæmni við mat á afkastagetu
- tekið þátt í ýmsum leikjum

Öryggis- og skipulagsreglur

- gert sér grein fyrir mikilvægi öryggis- og umgengnisregla og tekið ákvarðanir á þeim grunni.

Inntak náms og kennslutilhögun

Námið fer að hluta til fram í leikjaformi. Þrek og styrktaræfingar eru mikilvægur þáttur í náminu ásamt því að stöðvaþjálfun, boltaæfingar, hlaup og keppni spila stóran þátt.

Grunnatriði í flestum íþróttagreinum eru þjálfuð.

Námsmat

Um er að ræða símat á virkni í tímum sem gildir 60% af lokamati. Auk þess verður líkamsfar nemenda kannað að hausti og vori (nóvember og apríl) það er að segja þol, kraftur, hraði, liðleiki og fægni. Niðurstöður úr þessum könnunum fá nemendur í lok hverrar annar sem hluta af lokamati.

Skólasund

Hæfniviðmið

Nemandi

- þjálfist í æfingum sem viðhalda og bæta samhæfingu hreyfinga
- taki þátt í ýmsum æfingum og leikjum sem efla þol, hraða og viðbragð s.s. boðsundsleikjum og boltaleikjum
- nái tökum á helstu undirbúningsæfingum fyrir flugsund
- nái tökum á góðri útfærslu hreyfinga og öndunar í: 50 m skólabaksundi, 25 m skriðsundi og 25 m baksundi
- nái tökum á eftirfarandi atriðum: stungu af bakka, , að sækja hlut á 1-2 m dýpi eftir 5 m sund og læri helstu atriði sem snúa að björgun úr vatni, þar á meðal 15 m björgunarsund með skólabaksundsfótatökum
- nái að synda 25 m bringusund á skemmri tíma en 35 sek
- þjálfist í að synda a.m.k. 200 m bringusund án hvíldar og einnig 8 m kafsund
- þjálfist í fjölbreyttum samvinnuverkefnum s.s. hópleikjum
- læri að bera virðingu fyrir þörfum og getu annarra
- skilji helstu markmið æfinga og leikja í sundi auk þess að taka þátt í umræðu um áhrif sundþjálfunar á líkamann
- umgangist sundstað á öruggan hátt og læri helstu öryggisatriði
- upplifi gleði og ánægju af því að hreyfa sig í vatni

Námsmat

Námsmatið er í samræmi við markmið í sundi auk símats og fá nemendur sérstaka einkunn fyrir sund í tölustöfum.